

**Ed.**

**252. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Nefndin, sem háttvirt deild fjekk frumvarp þetta til athugunar, hefir ekki að öllu leyti getað orðið sammála um nytsemi þess.

Tveimur nefndarmönnum þykir kosningum til hreppsnefnda og sýslunefnda nægilega vel fyrirkomið með opinberri atkvæðagreiðslu, og að aukin fyrirhöfn og kostnaður sje að breyting þeirri, sem frumvarpið fer fram á.

Aftur á móti lítur einn nefndarmaðurinn svo á, að þótt lítið eitt meiri fyrirhöfn sje við leynilegar kosningar, sje sú aðferð miklu betri, að vilji kjósenda verði á þann hátt lausari við áhrif frá öðrum, og úrslit kosninganna sýni þar af leiðandi betur vilja almennings.

Þá má telja leynilegu aðferðinni það til gildis, að hún kemur í veg fyrir kala og jafnvel óvild, er kviknað hefir stundum manna á milli út af opinberum kosningum.

Að þetta hefir verið álit löggjafarvaldsins nú á síðari árum, sjest ljóslega á hinum ýmsu lögum um leynilegar kosningar, sem komið hafa frá Alþingi.

Kostnaðarauki við þessa breytingu á kosningaaðferðinni, er svo órlitill, að telja má beinlínis hjegóma, að á hann sje minst.

Ekki verður heldur annað sagt, en miklu máli skifti, hvernig þessar kosningar takast; sýslunefndirnar hafa fjárveitingarvald sýslanna í sínum höndum og hreppsnefndir fjárráð hreppanna; er því mikið undir því komið, að þær sjeu skipaðar hæfum mönnum.

Miklar likur, ef ekki vissa, er fyrir því, að aðferð sú, er hjer um ræðir tryggir þetta betur, og að siður verður tekið til greina kapp einstakra manna, að ná kosningu eða losna við hana.

Minni hluti nefndarinnar leggur því eindregið til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með þessum breytingum:

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

##### 1. Við 2. gr.

Í staðinn fyrir orðið »stóra« í fyrri málsg. komi:  
jafnstóra.

Síðari málsg. greinarinnar orðist þannig:

Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru, skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

##### 2. Við 4. gr.

Fyrir orðið »svo« í upphafi síðari málsg. komi:  
síðan.

##### 3. Við 5. gr.

Aftan við orðið »seðlunum« í enda 1. málsg. bætist:  
eða ef tölurnar á honum eru fleiri en þeir, er kjósa skal.

Alþingi 6. ágúst 1915.

Guðm. Ólafsson  
skrifari og framsögum.

Með skírskotun til þess er segir í nefndarálitinu og þeirri athugasemd, að okkur þykir rjettara að leitað sje álits hreppsnefnda um málið, leggjum við til að því sje frestað að þessu sinni.

Kristinn Daníelsson,      Sigurður Stefánsson.  
form.